

Fundargerð Gammadeildar 9. október 2008 Mæting Kl. 17:00

17 Gammakonur mættu:

Árný, Björg, Gerður, Guðný, Helga, Hrefna, Ingibjörg Jónasar, Kristín Jóns skrifstofustjóri, Krístrún, María, Pálína, Ragnhildur, Sigríður, Sigrún Aðalbjarnar eldri, Stefanía, Svana og Vilborg

Lyngás, dagvistun fatlaðra barna og ungmenna og Safamýraskólinn, sérskóli á grunnskólastigi fyrir nemendur með mikla fötlun, voru heimsótt. Auk Hrefnu Gammasystrur tóku Birna Björnsdóttir forstöðukona á Lyngási og Erla Gunnarsdóttir skólastjóri Safamýrarskóla á móti hópnum og leiddu hann í gegnum húsakynni og lýstu starfseminni á báðum stöðum. Gammasystrur áttu varla orð yfir hve starfsemin er frábær, fagleg í skipulagningu og stjórnun. Myndlistin höfðaði til margra og spennandi lausnir sem eru í boði fyrir notendur/nemendur. Lyngás er rekið af styrktarfélaginu Ás en Safamýraskóli á vegum Reykjavíkurborgar. Fundarkonur fengu bæklinga um starfsemina.

Boðið var upp á brauð og kaffi, sýndar myndir úr starfinu og fyrirspurnum svarað. Uppskriftin af þeim sem ráðnir eru til starfa að Lyngási og Safamýrarskóla er að viðkomandi sé :

- Með gott skap og góða lund
- Þökkalegur í baki
- Lausnamiðaður í hugsun

Gammakonur voru mun upplýstari um frábært starf þessara stofnana við brottför en fyrir komu á staðina. Þökk til þeirra sem tóku á móti hópnum

Björg formaður hóf fund og færði gestgjöfum rósir í lok fundarins. Helga ritari las fundargerð síðasta fundar sem haldinn var á Sjávarbarnum eftir að Sjóminjasafnið hafði verið skoðað. Fundargerðin var samþykkt að lokinni leiðréttingu á einu nafni.

Orð til umhugsunar voru að þessu sinni á höndum Vilborgar Dagbjartsdóttur og las hún úr ljóðabókunum sínum, Fiskar hafa enga rödd og Klukkan í turninum. Ljóð sem tengdust starfi hennar í Austurbæjarskólanum.

Fundi var slitið kl. 19:25
Fundarritari
Helga G. Halldórsdóttir